


Íslenska Gámafélagið ehf  
Gufunesi  
112 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 22. ágúst 2013  
Tilvísun: UST20130500181/gsá


### Magntölur úrgangs – gögn móttekin


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 3. júní 2013 þar sem áformað var að áminna Íslenska Gámafélagið ehf. þar sem upplýsingar um magn og gerð móttekins úrgangs höfðu ekki borist Umhverfisstofnun innan tilskilins frest, sem var til 1. maí sl.

Umhverfisstofnun bárust magntölur úrgangs frá Íslenska Gámafélaginu þann 26. júní 2013 og teljast gögnin fullnægjandi. Málinu telst því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 446/2012. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum laga og reglugerða verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur